

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 22. október 2013 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-38/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 15. apríl sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á rafgeymi í vespu, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi afhendi sér nýjan rafgeymi sér að kostnaðarlausu.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 16. apríl sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 29. apríl. Með bréfi, dags. 30. apríl, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og fékk frest til þess til 14. maí. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 15. október, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni kemur fram að hinn 23. ágúst 2011 keypti álitsbeiðandi Ningo El-Go rafmagnsvespu af seljanda fyrir kr. 148.900. Í febrúar sl. kom í ljós að rafgeymir vespunnar var ónýtur. Eftir ábendingu frá starfsmönnum verkstæðis seljanda lét álitsbeiðandi mæla og skoða rafgeyminn hjá nafngreindu fyrirtæki sem selur rafgeyma. Við þá skoðun kom í ljós að rafgeymirinn var gallaður og ónýtur. Segist álitsbeiðandi í kjölfarið hafa óskað eftir því við seljanda að hann léti sér í té nýjan rafgeymi en hafi þá verið tjáð að ábyrgð á rafgeymum væri aðeins eitt ár. Hins vegar komi ekkert fram um ábyrgðartíma á kvittuninni fyrir vespunni. Í verslun seljanda séu heldu engar aðvaranir eða skilti sem segi að ábyrgðartími á tilteknum vörum sé takmarkaður við ákveðinn tíma. Vespan hafi verið notuð haustið 2011 og svo sumarið 2012. Segist álitsbeiðandi hafa passað upp á að hlaða rafgeyminn í samræmi við leiðbeiningar seljanda. Þá segist álitsbeiðandi eiga önnur mótörhjól og kunni því að umgangast rafgeyma og að hefði hann vitað að hann þyrfti að kaupa nýjan rafgeymi nánast árlega hefði hann frekar valið að kaupa vespu sem gengi fyrir bensíni, enda kosti nýr rafgeymir um kr. 40.000.

Sem fyrr segir gerir álitsbeiðandi þá kröfu að seljandi afhendi sér nýjan rafgeymi. Meðfylgjandi álitsbeiðni er kvittun fyrir kaupum á vespunni, dags. 23. ágúst 2011. Engin önnur gögn fylgdu álitsbeiðninni.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur fram að seljandi hafni því að rafgeymirinn sé gallaður og að seljandi hafni því kröfum álitsbeiðanda um nýja afhendingu. Þá er rakið að samkvæmt álitsbeiðni hafi álitsbeiðandi látið mæla rafgeyminn hjá þriðja aðila og hafi sá aðili metið rafgeyminn ónýtan. Hafi sami aðili hins vegar metið rafgeyminn gallaðan, þá segist seljandi vilja fá staðfestingu á því og þá í hverju galinn hafi verið fölginn. Geri álitsbeiðandi þetta muni seljandi bæta rafgeyminn að fullu.

Segist seljandi telja að rafgeymirinn sé ónýtur vegna meðferðar álitsbeiðanda á honum en ekki vegna galla. Ábyrgðartíminn skipti ekki máli í þessu samhengi þar sem ekki sé sannað að rafgeymirinn sé haldinn galla. Hafnar seljandi því kröfum álitsbeiðanda.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi rafmagnsvespu af gerðinni Ningo El-Go af seljanda hinn 23. ágúst 2011 fyrir kr. 148.900. Samkvæmt því sem fram kemur í álitsbeiðni kvartaði álitsbeiðandi undan galla á rafgeymi vespunnar við seljanda í febrúar 2013, þ.e. um einu og hálfu ári eftir kaupin. Að mati kærunefndarinnar kvartaði álitsbeiðandi því undan galla innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, en þau tímamörk eru að lágmarki tvö ár, en geta í sumum tilvikum verið fimm ár. Í greininni er hins vegar ekki fólgin ábyrgð á söluhlutum innan áðurnefndra tímamarka, aðeins frestur til þess að bera fyrir sig galla. Telur kærunefndin jafnframt rétt að benda á það að skv. 3. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup þá eru lögín ófrávíkjanleg. Ákvæði laganna binda því seljendur í þeim tilvikum sölustarfsemi þeirra fellur undir lögín, þ.e. að seljendur geta ekki veitt kaupendum minni rétt en lögín kveða á um. Geta seljendur því ekki einhliða, eða með samningi við kaupendur, sett fyrirvara eða skilmála um aðra fresti til að bera fyrir sig galla, en kveðið er á um í lögnum, enda teldust slíkir fyrirvarar eða skilmálar staðlausir stafir.

Í 1. mgr. 15. gr. neytendalaga nr. 48/2003 segir að söluhlutur skuli, hvað varði tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innþökkun fullnægja þeim kröfum sem leiði af samningi seljanda og kaupanda. Þá segir í a-lið 2. mgr. 15. gr. laga nr. 48/2003 að leiði ekki annað af samningi eigi söluhlutur að henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til. Í b-lið sömu málsgreinar segir að söluhlutur eigi að hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varði endingu og annað.

Fullnægi söluhlutur ekki ákvæðum 15. gr. laganna, sem að hluta til hefur verið rakin hér að framan, telst hann gallaður, sbr. ákvæði 1. mgr. 16. gr. laga nr. 48/2003. Réttur kaupanda á úrræðum vegna galla á söluhlut er hins vegar bundinn því að gallinn verði hvorki rakinn til sakar neytanda né stafi af aðstæðum sem hann varðar, sbr. ákvæði 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003.

Í máli þessu er ekki deilt um að rafgeymir í vespu þeirri sem álitsbeiðandi keypti af seljanda í ágúst 2011 er ónýtur. Aðilar deila hins vegar um það hvort rafgeymirinn hafi verið haldinn galla í skilningi laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Gildir sú meginregla að það er neytandi, í þessu tilviki álitsbeiðandi, sem ber sönnunarbyrðina fyrir því að um sé að ræða galla í skilningi áðurnefndra 15. og 16. gr. laganna, nema í þeim tilvikum sem kvartað er undan galla þegar innan við 6 mánuðir eru liðnir frá því kaup fóru fram, sbr. 2. mgr. 18. gr. laganna, en þá hvílir sönnunarbyrðin eftir atvikum á seljanda. Að mati kærunefndarinnar hefur álitsbeiðanda, gegn mótmælum seljanda, ekki tekist að sýna fram á að rafgeymir vespu þeirrar er hann keypti af seljanda í ágúst 2011 hafi verið haldinn galla og að sá galli hafi ekki stafað af aðstæðum sem vörðuðu álitsbeiðanda. Verður því að hafna kröfum hans.

VI
Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir